

## Fundur í Samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda í MMR 23.10. 2018 (LOKADRÖG 071118)

Mættir: Birna Svanbjörnsdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, Kristín Valsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Hanna Halldóra Leifsdóttir, Hulda Arnljótsdóttir, Hulda Karen Daníelsdóttir, Þorsteinn Sæberg, Guðrún Ragnarsdóttir, Þorgerður D Diðriksdóttir, Sigrún Grendal. Ægir Karl Ægisson. Þorsteinn Hjartarson, Þórður Kristjánsson, Björk Óttarsdóttir, sem stýrði fundi og Sigurjón Mýrdal, fundarritari

Forföll boðuðu: Haraldur Á Haraldsson, Guðni Olgeirsson, Guðrún Edda Bentsdóttir og Magnús Þorkelsson

### Dagskrá:

#### 1. Inngangur.

Björk ræddi hlutverk samstarfsráðsins og fór yfir skipunarbréf þess. Hún fór yfir helstu verkefni og vinnulag og minnti á að hefja þurfi vinnu við lokaskýrslu ráðsins um áramót. Skipunartími ráðsins rennur út .....

#### 2. Staða mála

a. Þróunarverkefnið um stoðkerfi við starfsþróun er að hefjast í fjórum skólum; Grænuvöllum og Borgarholtsskóla á Húsavík, Fjölbr.skóla Suðurnesja og Tónlistarskólanum í Reykjanesbæ. SM gerði grein fyrir tilgangi verkefnisins og undirbúningi í skóunum. Hver skóli mun leggja sínar áherslur í verkefninu. Menntavís.stofnun HÍ, Skólaþr.deild HA og Listkennsludeild LHÍ munu koma að verkefnum í skólunum og MMS gera úttekt á því. Stefnt er að frágangi samninga um tveggja ára verkefni í nóvember. Mikil umræða spannst um þróunarverkefnið; gildi rannsóknna og þróunarstarfs í starfsþróun, mismunandi skólamenningu og möguleika til starfsþróunar á skólastigunum, lærdómssamfélög, góð dæmi, hliðstæður og fyrirmyndir í skólakerfinu, nýja kjarasamninga kennara og skólastjórnenda möguleika á gera svona vinnu einingabæra (ECTS), mikilvægi virkrar þátttöku háskóla og starfsþróun háskólakennara.

b. **Kynningarverkefnið**, Samspil 2018 er samstarfsverkefni Samstarfsráðs, stýrihós „Menntun fyrir alla“ og Menntamiðju. Þórður gerði grein fyrir undirbúningi. Tryggvi Thayer, verkefnisstjóri menntamiðju stýrir verkefninu. Samskipti á Menntamiðju verða nýtt til að kanna möguleika ólíkra samfélagsmiðla í starfsþróun. Verkefnaáætlun liggur fyrir og skráning er hafin. Samskipti hefjast með „útpili“ 7.nóv. nk. á netinu og staðlotum á 6 stöðum á landinu.

**Commented [SM1]:** (Ægir. farið af stað í FS Þorsteinn Hj: Lærdómssamfélagið Sigurður. Mismunur leik og grunn Hulda Karen: Markmið. Læra af því sem það hefur verið að gera Þorsteinn Sæ. Sjálfspottin verkefni Þorgerður: ECTS einingar ? SM Birna – ekki hægt nema akademískt Hulda Karen. Ekki talað um sjálfbærni – ætí að vera sjálfbært. Þorgerður, Ægir. Hluti af kjörum þeirra. Guðrún Ragnarsd. Hvernig breytingar þurfum við gera í háskólunum. Kristín Valsd. Einingabært - varla SM & Birna Þorsteinn Sæ Þessi umræða mikilv. Hvatakerfi til starfsþróunar Anna María: Samstarfsnefnd um Endurmenntun framhaldsskólakennara. Getur verið fyrirmynd. Sigrún Gr. Gamla stigakerfið getur verið nauðsynlegt til umbunar/hvatakerfi. – til innleiðingar á nýrri hugsun. Ægir: Nálgað þetta á skapandi hátt. Breyta leyfisbréfum. Þorsteinn Hj. Mikilvægt að halda sjálfbærni inni & lærdómssamfélag. Meta menntun í starfsþróun er jákvætt. Þorgerður. Skólaþróun í háskólum er merkileg. Ný sýn. Kjarasamningar eru mikilvægir í þróunarstarfi. Auka framhaldsmenntun kennara, þarf líka að meta þróunarstarf. Formlegt og óformlegt kerfi. Sigurður. Sama vandamáli í leikskólum.

**Commented [SM2]:** (Hulda Karen spurði nánar um innihald og áherslur verkefnisins. SM: \* Birna: Fjóra: byrjaði í gær Hulda Karen: Hvernig eru svona ákvarðanir teknar. SM: Við fylgjumst með og kynnum í gegnum baklandið Þorsteinn Sæ Sigurður: kynna öllum kennumur Kristín Vals. Ekkert mat. Þorsteinn: Senda núna kynningu út í skólana ÞH & Sigrún Gr. Þorgerður: Kynningarbréf – þarf að vera sýnilegra. Það sem kemur frá okkur – einn haus)

Áætluð verkefnalok í febrúar 2019. Samstarfsráðið leggur til 1 millj. kr. og Menntun fyrir alla aðra millj.

Umræður spunnust, m.a. um innihald og áherslur verkefnisins og mikilvægi góðrar kynningar.

#### c. Nýliðun kennara

Birna rifjaði upp fyrri vinnu samst.ráðsins um Brotthvarf og nýliðun. Ýmis gögn liggja fyrir sem nýtt voru í átaki ráðherra um nýliðun. Sá hópur rann inn í vinnu ráðherra.

Tillögur til ráðherra liggja fyrir í drögum. M.a er gert ráð fyrir endurskoðun laga, reglugerða, aðkomu LÍN o.fl.

Björg gerði grein fyrir kostnaðarmati og áhættugreiningu Tillögunum verður hrint í framkvæmd á næstunni.

Umræður spunnust, m.a. stöðu leiðbeinenda í skólum, grunnnám kennara og leiðsögn við þá og um menntun skólastjórna.

#### d. Skýrslur „þarfahópsins“

1. Fjóra sagði frá skýrslunni um leikskólastigið, sem er á vefnum.

Umræður urðu um miklar breytingar í leikskólastarfi, stofnanavæðingu barna, starfsþróun stjórnenda og kennara í leikskólum, raunfærnimat, leyfisbréfin, hvatakerfi, styrki og kandidatsár.

2. Anna María fór yfir framhaldsskólaskýrsluna sem er á vefnum.

Breytingar hafa orðið á sérfræðistarfi kennara og skólastjórna og þarfir fyrir starfsþróun hafa breyst. Skv. samningum skal allur 80 tíma starfsþróunartími frh.sk.kennara skal vera utan starfstíma skóla. Anna María minnti einnig á Nordplus verkefnið um stuðning við nýliða sem KÍ tekur þátt í.

3. Þorsteinn Sæberg kynnti drög að grunnskólaskýrslunni. Hann fjallaði aðallega um menntun skólastjóra, sem eiga að vera faglegir og stjórnunarlegir leiðtogar. Styrkja þarf og skýra þær breytingar sem orðið hafa í grunnskólum og þarfir fyrir starfsþróun.

Ganga þarf betur frá skýrslunni áður en hún verður birt. Ákveðið að Þorsteinn og Þorgerður leiði þá vinnu í samráði við SM.

Umræður urðu skýrsludrögin og eyður sem fylla þarf í þar. M.a. var rætt um sameiginlega og sérstaka starfsþróun kennara og stjórnenda, aðferðir við starfsþróun.

4. Sigrún Grendal gerði grein fyrir skýrslu um starfsþróun í tónlistarskólum sem þau Haraldur hafa ritstýrt. Hún minnti á sérstöðu tónlistarskólakerfisins. Skýrsludrögin um starfsþróun hafa verið kynnt á

**Commented [SM3]:** (Þorgerður: Undanþágur stundum veita árum saman. Jafnvel 20 ár! Leiðbeinendur hafa lítinn rétt SM. Grunnám + leiðsögn Fjóra. Leiðsagnarnám Þarf það að vera akademískt.)

**Commented [SM4]:** (Miklar breytingar. Stofnanavæðing barna. Hvað með starfsþróun. Sigurður: Raunfærnimat hefst á Suðurlandi. (MVS) Þorgerður: tilraun á Suðurlandi. Kristín Vals: Leyfisbréf t.d. listfræðinga. Birta: Betra ástand á Akureyri. Sigurður: Aukinn dvalartími. Þar ekkert svigrúm. eru nemar. Vantar hvatakerfi, styrkir, kandidatsár. Þorgerður: Tvöfalt kerfi var. Dagheimili + leikskólar.)

**Commented [SM5]:** (SM. Vantar haus og hala. Hulda Karen: vantar tengingu við starfsþróun. Sameiginleg starfsþróun leiðtoga og kennara. Ægir: Kennsla er stjórnun. Fjóra: sömu vandamál í leikskóla. Kennara fást ekki í stjórnendastöður Birna. Starfsþróun kennara er núlluð ef hún verður stjórnandi Sigurður. Sama ástand í leikskólum. Þorgerður. Lokaorð skýrslunnar)

á þingum sambandsins. Næstu skref eru að bæta starfsþróun í tónlistarskólum og styðja við hana. Ákveðið að birta skýrsluna á vef Samstarfsráðsins.

### 3. Vinnan fram undan

Björk rifjaði upp tillögur um verklag út frá umræðu á síðasta fundi samstarfsráðsins.

Tillaga að nýju verklagi samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Commented [SM6]: Fá töflu

#### KYNNINGAR

Kynningarhópur?

Tillögur fagráðs?

Annað?

#### ÞRÓUNARVERKEFNI

Stýrihópur?

Aðrir?

#### ÚRVINNSLA SKÝRSLNA o.fl.

Hópar fjöldi?

Rýna sameiginlega hluti

Finna göt í upplýsingum?

Tillögur að stoðkerfi?

Hvort og hvað á að gera?

Fjöldi hópa?

Kennarar?

Stjórnendur?

Háskólar stofnanir?

Annað?

#### LOKASKÝRSA

Stýrihópur?

Aðrir?

#### ÖNNUR VERKEFNI

Hópar?

Hvaða og hver?

Hugtakaskilningur?

Tillögur fagráðs –

Úrvinnsla

Annað?

Umræður um tillöguna fóru fram í þremur hópum.

#### 4. Kynning á umræðum í þremur hópum

##### **Hópur 1 (Kristín Valsd.)**

Ljúka öllum skýrslum - hvað svo? Niðurstöðum þarf að koma til skila til viðkomandi aðila s.s. rekstaráðila. Þarf að vera skýrt í skýrslunum hvað þarf til að gera skólastarf betra.

##### **Stoðkerfi:**

Upptalning þátta – aðgerðaráætlun.

Tengja starfsþróun og aðgerðir.

Hvernig á að fjármagna starfsþróun – þarf að horfa á og ræða til hlítar.

**Fjármagn:** Er til gríðarlegt fjármagn í málaflokknum eins og haldið er fram? Er hægt að skoða þennan hluta?

Þarf **bakgrunnsmynd** sem skipulagt er út frá? Markmiðið er að draga fram það sem er í gangi í skólum og það formgert í gegnum þróunarverkefninu.

Hver á að halda utan um afrakstur þróunarverkefnanna?

##### **Tillögur:**

- Leggja til að settur verður saman 4 manna hópur til að fylgja þróunarverkefninu eftir. Einn af hverju skólastigi grunn-, framhalds-, leik og tónlistarskóla. Þeir ættu ekki að vera úr sama bæjarfélagi. Draga saman upplýsingar að verkefnum loknum – hópur úr þessum.
- Athuga hvað þarfagreiningarhópur vann. Klára þá vinnu aðeins lítill hluti búinn. **Ath.** Skýrsla um greiningu á starfsþróun og bókun 1 skýrsla um grunnskólakennara í Reykjavík tala alveg saman. Þarf að skoða þær saman og vinna út frá þeim niðurstöðum sem þar koma fram varðandi; starfsumhverfi, starfsþróun, stjórnun o.fl.
- Fjármálahópur - hvað kostar stoðkerfið sem við viljum sjá? Hvað er til – hvernig er því dreift – er hægt að nýta það öðruvísi – hverju þarf að bæta við?

##### **Commented [SM7]:**

A. (Kristín Valsd.)

*Fjögurra manna hópur um þróunarverkefnið*

*Greining – ath. vinna betur nefnd*

*Leggjast yfir fjármálaskýrsluna – skýra betur*

*Verkefni jfj skýrslan um kjarasamninga (bókun1) & skýrsla sambandsins (Hulda Karen)*

**Jafningjafræðsla:** Það vantar tíma til að hún nái eyrum annarra. Skiptinemanám! Kennarar fari í aðra skóla og vinni með öðrum. Var gert í kjölfar hrunsins og væri vert að gera könnun á því hvað gekk vel og hvað ekki.

## Hópur 2 (Þorsteinn Hj)

### Könnun meðal sveitarfélaga um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Lagt til að Sigurjón Mýrdal dragi saman helstu upplýsingar úr könnun í skýrslu.

**Kynningarhópur.** Mikilvægt að áherslur samstarfsráðsins nái vel til allra í skólasamfélaginu. Við þurfum að haga okkur gagnvart þátttakendum skólasamfélagsins í anda lærdómssamfélagsins. Styrkja þarf stoðkerfið gagnvart faglegri forystu í öllum skólum landsins. Mikilvægt að hafa umræðuna á faglegum nótum og svo þurfa kjarasamingaumræður helst að taka að mið af þeim, þ.e. sameiginlegri niðurstöðu samstarfsráðsins.

**Hlutverk samstarfsráðs** rifjað upp. Eigum eftir að kynna þetta fyrir skólasamfélaginu á skapandi hátt. Skynsamlegt að hafa áfram kynningarhóp. Mikilvægt að fá háskólana til að skoða vel þessa vinnu. Hver og einn taki skýrslu fagráðsins fari með hana í sitt bakland og vinni þetta áfram þar eins og gert hefur verið hjá Félagi tónlistarkennara og stjórnenda.

**Tillaga að vera með málþing** í vor þar sem við fjöllum um tillögur og þá vinnu sem hefur verið unnin. Kynnum þar einhverjar niðurstöður, höfum samræðu og horfum til framtíðar. Gæti skapað veganesti í kjarasamningsumræður. Gott að fá þá sem eru í þróunarverkefninu til að taka þátt í málþinginu. Gætum varpað okkar sýn inn í umræðurnar.

**Starfsmaður** þarf að draga saman sameiginlega fleti hjá hópnum. Hvar eru göt í upplýsingunum? Það þarf að halda áfram að ræða viðfangsefnið þrátt fyrir hópurinn hafi skilað sér.

Umræða um hvernig stoðkerfið á að vera. Mikilvægt að háskólarnir séu í stóru hlutverki og að þar sé hvati til að vinna meira með vettvangi. Stoðkerfið þarf að vera stórt net sem virkar vel fyrir kennara og skólastjórnendur. Kerfið getur ekki byggst upp á herðum hugsjónafólks. Frumkvæði skólasamfélagsins þarf að vera til staðar. Eigum eftir að taka meiri umræðu um hvernig við nýtum þá fjármuni best sem eru til staðar. Mikilvægt að útbúa tengingar.

1) Stofna þarf einn hóp sem ræðir hlutverk háskólanna í þessu samstarfsneti starfsþróunar.

**Commented [SM8]:** B.(Þorsteinn Hj) – fjármálhópur - setja (Sbr. verkefnahópur „Menntun fyrir alla“) 1.Könnun á starfsþróun hjá sveitarfélögum

Kynningarhópurinn => fá fleiri inni umræðuna. Funda (jan 19) um starf Samstarfsráðsins (sérst.l. um stoðkerfi). Í anda lærdómssamfélags. Starfsmaður dragi saman sameiginlega fleti. Hvað erum við sammála um. Hópur um hlutverk háskólanna. Samstarfsnet með sveitarfél. Hásk. o.fl. Stýrihópurinn sinni þróunarverkefninu.

2) Annar hópur ræði fjármögnun og nýtingu á því sem er til staðar.

3) Þriðji hópurinn ræðir hugmyndir að málþingum.

Útfæra þarf sjóðina út frá skilgreiningu okkar á starfsþróunarhugtakinu svo sem mögulegan samruna sjóða svo þeir þjóni betur öllum skólastigum. Mikilvægt að tryggja þátttöku margra í slíkum verkefnum og stjórnendur þurfa að gefa sér tíma í þessi verkefni. Endurskoða þarf kjarasamninga, það má aldrei stilla fagmennskunni andspænis okkur sjálfum. Tryggja þarf svigrúm faglegrar umsagnar og endurskoða þarf félagskerfin við höfum búið til.

**Þróunarverkefnið.** Eftirfylgd með því. Eðlilegt að stýrihópurinn fylgi því eftir.

**Stoðkerfishópurinn** hefur skilað af sér. Þó væri hægt að fá fleiri í þessa umræðu sem væri þá í anda lærdómssamfélagsins. Móta þarf vörðu á leiðinni að málþingi þar sem margir koma að borðinu til að ræða stoðkerfi þar sem margir taka þátt. Hægt að nota þjóðfundaformið. Upplagt að fá stjórn heimila og skóla með í þessa umræðu.

Vinna við útfærslu – þar þarf að skilgreina þær einingar sem taka þarf til skoðunar.

Þurfum að máta allt mögulegt hjá þeim sem eru á vettvangi. Þurfum að leyfa umræðunni að fara af stað út frá þessum vettvangi.

### Hópur 3 (Fjóla Þorv.)

#### Kynningar

Kynningarhópurinn starfi áfram

SAMSPIL 2018 - flott verkefni og það verður áhugavert að fylgjast með því. Það þarf að kynna það vel fyrir kennurum, stjórnendum og almenningi.

Það þarf að kynna betur fyrir almenningi skýrslunnar um þörf á starfsþróun kennara.

Væri hægt að setja skýrslunnar inn í samráðsgátt, biðja almenning, hver sem er getur farið inn og gefið umsögn sína.

Mætti nýta meira vefinn Starfsþróun kennara. Setja inn meiri upplýsingar og reyna að auglýsa hann meira.

Hvers konar stoðkerfi þarf til að efla starfsþróun kennara. Hvað finnst kennurum?

Hvernig komum við þeim sem eru við samningaborðið inn í þessa vinnu.

Hlutverk samstarfsráðs er að koma með tillögur.

Er möguleiki að taka inn raunfærnimat til þess m.a. Að fjölga kennurum hraðar.

**Commented [SM9]:** C. (Fjóla Þorvalds)  
Kynningarmál kynna betur – mörg verkefni.  
Kynna ráðið sjálf.  
Raunfærnimat skýra efla

Gögn og fréttir inn á vefinn.  
Nota samfélagsmiðla  
ÞRÓUNARVERKEFNI Stýrihópur + fleiri fletir athugaðir.  
Skoða raddir nemenda (frh.skóla)  
Skoða tengsl háskóla við verkefnið  
Hóp um heimsmarkmið  
Lokaskýrslan – Stýrihópur gangi frá  
(kostnaðarmeta tillögur)  
Samstarfsráðið haldi áfram

Meiri almenna kynningu á samstarfsráðinu sjálfu.

Tengja saman SAMSPIL 2018 og þróunarverkefnið um stoðkerfið, starfsþróun kennara. Get sent upplýsingar til Tryggva.

Hægt væri að kynna þróunarverkefnið á vegum kynningarhóps á stóru fundum KÍ félaganna í vor (ársfundir og aðalfundir).

Það væri hugmynd að stofna fésbókarhóp þróunarverkefnisins svo annað skólafólk geti fylgst með.

Verkefni samstarfshóps um brotthvarf og nýliðun þarf að kynna betur. Mætti fara á vefsíðuna starfsthroun.is

Skoða þarf dreifingarleiðir - notum við tölvupóst, samfélagsmiðla eða hvað?

Samstarfsráð þarf að stofna fésbókarsíðu-like síðu og pinterest síðu

### **Þróunarverkefni**

Hver á að annast verkefni stýrihópsins núna? Á það að vera stýrihópur?

Okkur finnst að Sigurjón eigi að halda utanum verkefnið með stuðningi frá stýrihópnum.

Mikilvægt að verkefnið sé kynnt vel í samfélaginu.

### **Úrvinnsla skýrsla og fl.**

Hugsanlega þarf að stofna fleiri hópa.

Viðjum að stoðkerfishópurinn starfi áfram. Hópurinn þarf að skoða hvernig starfsþróun kennara og stjórnenda er hagað erlendis.

Greina þarf skýrslurnar og finna sameiginlega fleti og finna göt. Gæta þarf að því að fulltrúar allra skólastiga og gerða væri fulltrúi í stoðkerfishópnum, einnig frá Háskólunum.

Það mætti búa til rýnihópa til þess að fá endurgjöf á skýrslurnar, t.d. Mætti nýta kennara sem eru í þróunarverkefninu eða tengiliði í SAMSPIL 2018.

Mætti athuga hvort hópurinn sem var að vinna með skólamálaráði KÍ að greina list- og verkgreinakennslu hér á landi væri til í að rýna í skýrslurnar líka.

Skoða þarf raddir nemenda, mætti búa til rýnihóp nemenda.

Skoða þarf starfsumhverfi Háskólana út frá samvinnu við vettvang.

Við þurfum sér hóp til þess að huga að Heimsmarkmiðunum.

### **Lokaskýrsla**

Stýrihópurinn verður að semja hana og fá umsagnir frá öllum hópum.

Skýrslurnar og allt efni á að fara á heimsíðuna starfsthrounkennara.is

Lokaskýrslan mun innihalda tillögur sem verður beint til viðeigandi aðila.

Lokatillögur verða kostnaðargreindar og komið með tillögur að aðgerðum.

Spurningin er verður þetta lokaskýrsla eða?

### **Önnur verkefni**

Þróunarverkefnið er til tveggja ára, þannig að stýrihópurinn og starfsmaðurinn verður að fylgjast með því áfram.

Við teljum að samstarfsráð þurfi að halda áfram störfum. Tenglsin eru mikilvæg og efla þarf tengslanetið og samstarfið á milli kerfa. Efla þannig faglegt samstarf menntun í landinu til framdráttar.

#### 5. Ákvörðun um vinnuna fram undan

Hópar samstarfsráðsins þurfa að fara að framkvæma – ekki greina meira – heldur kýla á þetta.

Tengja vinnuna við Menntun fyrir alla, þar sem það á við.

Í tillögum Fagråd var lagt til að tillögur samstarfsráðs yrðu kostnaðarmetnar

Fjármálin snúast ekki bara um laun og styrki. Út frá spurningunni: „Hvernig nýtist starfsþróun?“ – þarf t.d. að huga að skorti á tíma eða svigrúmi til starfsþróunar í daglegu starfi kennara og skólastjórnenda

Leikskólinn hefur t.d. engan lögbundinn eða sammingsbundinn tíma til starfsþróunar.

Stýrihópi falið að vinna úr umræðunum og skipa til verka.

SM skráði